

28

15. marz

## XIII. KAFLI

## Gildistaka.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjarskipti, og gengur í gildi 1. apríl 1956, nema ákvæði II. kafla B 1 í a- og b-lið, um gjaldhækkun umframsímtala, sem gengur í gildi 1. október 1956. Falla þá jafnframt úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur landssímans frá 23. nóv. 1951 með áorðnum breytingum 26. febr. 1952, 30. des. 1952 og 28. maí 1953.

*Póst- og símamálaráðherrann, 15. marz 1956.*

**Ingólfur Jónsson.**

F. h. póst- og símamálastjóra

*Einar Pálsson.*

29

8. marz

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Eskifjarðar, nr. 38 20. marz 1951.

1. gr.

I. kafli gjaldskrárinnar hljóði svo:

## I. RAFORKA

Rafveita Eskifjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

## A. Lýsing.

- Um kwst.mæli á kr. 2.90 hverja kwst.
- Um kwst.mæli á kr. 1.25 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 90 aurum á mánuði á hvern m<sup>2</sup> gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

## B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi 6 kr. á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

## C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.35 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélafl er yfir 40 kw.:

|   |   |   |   |   |    |       |
|---|---|---|---|---|----|-------|
| Fyrstu 50 þús. kwst. ársnotkun á 65 aura hverja kwst. |   |   |   |   |    |       |
| Næstu 100 — — — —                                     | — | — | — | — | 60 | — — — |
| — 100 — — — —   | — | — | — | — | 55 | — — — |
| Umfram 250 — — — —                                    | — | — | — | — | 50 | — — — |

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn allt að 2 stundum um hádegi og 29  
1 stund að kvöldi. 8. marz

#### D. Önnur rafmagnsnotkun.

1. Raforku til suðu til veitingahúsa og gistihúsa og annarra slíkra staða má selja eftir gjaldskrárlið B.
2. Raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 90 aura hver kwst.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður hreppsnefnd eftir tillögu rafveitunefndar.
4. Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1, nema rafveitustjórn semji sérstaklega um annað í hvert skipti.

#### 2. gr.

Með auglýsingu þessari er úr gildi felld auglýsing nr. 1 4. jan. 1955, um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Eskifjarðar, nr. 38 20. marz 1951.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 8. marz 1956.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um Minningarsjóð Daniels Eiríkssonar og 30  
konu hans, Amalíu Geirsdóttur, Súgandafirði, útgefin á venjulegan hátt ad man- 9. marz  
datum af dómsmálaráðherra 9. marz 1956.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Daniels Eiríkssonar og konu hans, Amalíu Geirsdóttur,  
Súgandafirði.

#### 1. gr.

Sjóðurinn nefnist Minningarsjóður Daniels Eiríkssonar og Amalíu Geirsdóttur.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 7 þúsund kr. framlagi frá systkinum Daniels Eiríkssonar, þeim Jóni Eiríkssyni, Kristjáni B. Eiríkssyni, Guðrúnu Eiríkisdóttur, Kristínu Eiríkisdóttur og Eiríki E. F. Guðmundssyni.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að búnaðar- og ræktunarframkvæmdum í Súgandafirði.

#### 4. gr.

Tilgangi sínum er sjóðnum ætlað að ná með því að styrkja áhugamenn um jarðrækt í Súgandafirði, veita viðurkenningu fyrir búnaðarframkvæmdir, styrkja